



Okkur vantar hresst starfsfólk í Frístundina Brosbæ! Vertu með í frábærum hóp!

Okkur í Grunnskólanum í Þorlákshöfn vantar hresst starfsfólk í Frístundina Brosbæ á næsta skólaári. Ráðið verður í stöðurnar frá og með 11. ágúst 2025. Í skólanum eru um 280 nemendur og starfsmenn eru um 60 talsins. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og teymiskennslu auk þess sem unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms. Þá tekur skólinn þátt í verkefninu um Grænfána og Heilsueflandi skóla. Einkunnarorð skólans eru *vinátta, virðing og velgengni*.

Viltu vita meira? Kíktu þá á heimasíðuna okkar: <https://www.olfus.is/grunnskolinna>.

Um er að ræða stöður þar sem ráðningahlutfall er 50% og vinnutími frá kl. 13 - 16:30

Í starfinu felst eftirfarandi:

- Vinna við Frístund sem er þjónusta fyrir börn í 1. – 4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn.
- Hlutverk frístundaheimilis er að bjóða uppá skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og skipulögðu starfi.
- Sumarfrístund er starfrækt á sumrin þar sem boðið er upp á heils- og hálf dags námskeið fyrir 6 – 9 ára börn. Áhersla er lögð á hreyfingu, sköpun og útiveru.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum.
- Reynsla af starfi með börnum er kostur.
- Þolinmæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Stundvísi og áreiðanleiki er skilyrði.

Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Störfin eru í launadreifingu.


Umsóknarfrestur er til 9. maí 2025.

Nánari upplýsingar veita: Sóley Jóhannesdóttir, forstöðumaður frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar, soleyj@olfus.is og/eða Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri

Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.

<https://www.olfus.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-starf>



ÖLFUS
Hamingjan er hér